

Ed.

116. Nefndarálit

[23. mál]

um frv. til laga um framkvæmd eignarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin rætt á nokkrum fundum. Leitað var umsagna þriggja aðila: Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. sveitarfélaga og Hús- og landeigendasambands Íslands.

Tveir hinir fyrstnefndu skiluðu umsögnum og mæltu með samþykkt frv.

Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga kom fram, „að stjórn þess leggi áherzlu á, að lokið verði sem fyrst endurskoðun lagaákvæða þeirra, sem þáttill. frá 22. 4. '70 gerði ráð fyrir“. Hér er átt við, að lögfestar verði vissar meginreglur, sem geti orðið til leiðbeiningar við ákvörðun eignarnámsbóta.

Nefndin samþykkti einróma að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 27. nóv. 1972.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.
Magnús Jónsson.
Oddur Ólafsson.

Ásgeir Bjarnason.
Halldór Kristjánsson.